



# Varðskipið Þór í Ólafsvíkurhöfn



Margir bæjarbúar ráku upp stór augu við óvenjulega sjón í Ólafsvíkurhöfn laugardaginn 23. mars. Varðskipið Þór kom til hafnar um miðjan daginn en þetta er í fyrsta sinn sem skipið leggst við bryggju í Ólafsvík.

Varðskipið sinnir löggæslu og eftirliti á hafi úti auk þess að sjá um leit, björgunaraðgerðir og mengunarvarnir þegar svo ber við. Erindið var þó ekki alvarlegra en vaktaskipti hjá áhöfninni í þetta sinn og hélt skipið aftur

úr höfn klukkan 20 sama kvöld. Viktoría K Antonsdóttir náði þessari mikilfenglegu mynd af varðskipinu með Írisi, bát Láka

Tours í forgrunni og Glað SH að sigla inn í höfnina í bakgrunni.

SJ

## Breytingar á póstpjónustu

Skerðing á póstpjónustu er fyrirhuguð hjá Póstinum og munu þær breytingar taka gildi í júní. Til stendur að loka pósthúsum á næstu misserum og er samstarfspósthúsið í Grundarfirði eitt þeirra. Hin pósthúsín eru staðsett á Hvammstanga, Siglufirði, Dalvík, Ólafsfirði, Búðardal, Fáskrúðsfirði, Eskifirði, Breiðdalsvík og á Neskaupstað. Í Grundarfirði er þegar komið pósthús en einnig

verða sendingar afgreiddar af bílstjórum pósthúsa, samkvæmt forstöðumanni pósthúsa er verið að leggja áherslu á að þróa þjónustu í takt við breyttar þarfir og kröfur neytenda. Pósthúsin eru opin allan sólarhringinn og er nú einnig hægt að pósthúsin eru staðsett á Hvammstanga, Siglufirði, Dalvík, Ólafsfirði, Búðardal, Fáskrúðsfirði, Eskifirði, Breiðdalsvík og á Neskaupstað. Í Grundarfirði er þegar komið pósthús en einnig

verða sendingar afgreiddar af bílstjórum pósthúsa, samkvæmt forstöðumanni pósthúsa er verið að leggja áherslu á að þróa þjónustu í takt við breyttar þarfir og kröfur neytenda. Pósthúsin eru opin allan sólarhringinn og er nú einnig hægt að pósthúsin eru staðsett á Hvammstanga, Siglufirði, Dalvík, Ólafsfirði, Búðardal, Fáskrúðsfirði, Eskifirði, Breiðdalsvík og á Neskaupstað. Í Grundarfirði er þegar komið pósthús en einnig

JJ



FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
www.fmis.is

# Sindri áfram í Bocuse d'Or



Sindri Guðbrandur Sigurðsson keppti fyrir hönd Íslands í Bocuse d'Or Europe sem fór fram í Þrándheimi í Noregi dagana 19. og 20. mars. Sindri er fæddur árið 1995 og er frá Ólafsvík, foreldrar hans eru þau Guðrún Sveinbjörnsdóttir og Sigurður Gíslason. Sindri Guðbrandur hefur verið að gera góða hluti í kokkaheiminum undanfarið en hann hlaut titilinn Kokkur ársins 2023

sem tryggði honum þátttökurétt í Nordic chef of the year 2024 en hann var í öðru sæti í þeirri keppni árið 2022. Auk þess var hann meðlimur í Kokkalandslíði Íslands frá 2018 til 2022 og hreppti þriðja sætið á Ólympíuleikunum 2020. Sindri hefur unnið á nokkrum af vinsælustu veitingastöðum landsins og rekur nú Flóru veislubjónustu ásamt Sigurjóni Braga Geirssyni. Sigurjón er með

honum úti í Þrándheimi sem þjálfari Sindra á keppninni ásamt Hinriki Erni Halldórssyni sem er aðstoðarmaður Sindra. Þráinn Freyr Vigfússon er einnig úti með íslenska hópnum sem fulltrúi Íslands í dómarateyminu en hann á ættir að rekja til Staðarsveitar og er sonarsonur Vigfúss Þráins Bjarnasonar og Kristjónu Elísabetar Sigurðardóttur frá Hlíðarholti. Þráinn er eigandi Sumac og ÓX í Reykjavík og keppti fyrir Íslands hönd á Bocuse d'Or árið 2010.

Sindri og teymið hans voru fyrsta teymið til að hefja keppni á þriðjudagsmorguninn og þar með fyrsta teymið til að skila. Fyrstu skil voru á hreindýri og ákavíti eftir 4 klukkustundir og 55 mínútur af eldamennsku og 35 mínútum seinna skiluðu þeir fati sem samanstóð af þorski

og hörpuskel ásamt öðrum hráefnum. Sindri talaði um í keppninni að á lítilli eyju eins og á Íslandi sé aðlögunarhæfni og nýsköpun mikilvæg og að tenging við náttúruna hafi áhrif á alla hans framreiðslu. Réttirnir sem íslenska teymið í Bocuse d'Or skilaði inn í keppnina voru eins og listaverk og hafa bragðast jafn vel og þeir litu út. 20 Evrópulönd taka þátt í keppninni en aðeins þau 10 bestu komast áfram og fara sem fulltrúar Evrópu til Lyon í Frakklandi í janúar 2025 á heimskeppni Bocuse d'Or. Lið Sindra Guðbrands lenti í 8. sæti í Þrándheimi og munu því mæta til keppni í Frakklandi að ári. Bocuse d'Or er eftirsóttasta og virtasta kokkakeppni í heiminum, hún var fyrst haldin árið 1987 og er mikill heiður og gæðastimpill að komast í keppnina.

SJ

## Ungbarnasund



Nú stendur fyrir 6 vikna sundnámskeið fyrir börn á aldrinum 3 til 24 mánaða í Sundlaug Snæfellsbæjar. Ungbarnasundið er á vegum CF Snb og sér Kristfríður Rós Stefánsdóttir, eigandi Crossfit stöðvarinnar, um kennslu en hún hefur sótt kennaranámskeið í ungbarnasundi síðustu mánuði. Oft vantar hreyfingu eða gæðastund fyrir foreldra sem eru í fæðingarorlofi á svæðinu og því ákvað hún að taka málin í sínar hendur og skella sér á námskeið. Ungbarnasundið er

kennt einu sinni í viku, 12 pláss eru í boði og er námskeiðinu skipt upp í 3 til 9 mánaða og 10 til 24 mánaða. Ungbarnasund er mikilvægur tími fyrir foreldra og barn þar sem dýrmæt tengslamyndun á sér stað og einnig upp á hreyfiproska barnsins. Þetta námskeið sem nú stendur yfir hófst 5. mars og verða kenndir sex tímar fram til 23. apríl. Kristfríður stefnir svo á að halda annað námskeið í sumar eða haust ef eftirspurn verður fyrir því.

SJ



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson


Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

# Nýbyggingar til sölu í Grundarfirði

Ölkelduvegur 29-31-33-35-37



## Til sölu ný raðhús í Grundarfirði.

Húsin eru í byggingu og verða afhent tilbúin til innréttinga í sept/okt 2024. Upplagt tækifæri fyrir þá sem geta eitthvað gert sjálfir eða eiga góða að. Í Grundarfirði er mjög lítið til af eignum til sölu og fasteignaverð hefur hækkað mikið. Þegar eru 2 af þessum 5 raðhúsum seld. Hægt er að taka hlutdeildarlán á þessi hús. Stutt í skóla.

Uppl í síma 840 – 6100

## Na sprzedaż nowe kamienice w Grundarfjörður

Domy są w budowie i zostaną dostarczone gotowe do remontu we wrześniu/październiku 2024 roku. To świetna okazja dla tych, którzy potrafią zrobić coś na własną rękę lub dobrze się bawić. W Grundarfjörður jest bardzo mało nieruchomości na sprzedaż, a ceny nieruchomości znacznie wzrosły. 2 z tych 5 domów są już sprzedane. Możesz zaciągnąć pożyczkę partnerską na te domy. Poza szkołą.

Tel. 840 – 6100

## FULLBÚIÐ ÚTI - Tilbúið undir tréverk inni.

### Byggingarlýsing:

Húsið er staðsteypt á hefðbundinn hátt, einangrað að utanverðu með 120 mm steinull.

Yfir einangrun eru útveggir klæddir með loftræstri 2mm litaðri áklæðningu. Klæðning og einangrun nær 50 cm niður fyrir gólfplötu. Þakfni og þakkantar úr aluzink. Allur utanhússfrágangur miðast við að lágmarks viðhald. Þakrennur og niðurröll eru LINDAB.

Á bakhlíð er sólpallur. Bílastæði ásamt aðkomu að framan eru steipt (Öll framhliðin). Lóðin er tyrft grasi. Gluggar og hurðir frá SG Gluggar eða Bykó og bílskúrshurðir frá VT hurðum. Bílskúrshurðir eru með sjálvirkum opnara. Öll útljós uppsett. Þá er lagt fyrir bílahleðslu utanhúss. Allt gler er K-gler eða sambærilegt skv. byggingareglugerð. Með glerinu fylgir sú ábyrgð sem framleiðandi glersins veitir. Steiptir veggir milli húsa og bílskúra eru sérstaklega hljóðeinangraðir. Þessi einangrun er umfram það sem gert var ráð fyrir í hönnun og tryggir vandaða hljóðvist.

### Frágangur innanhúss:

Íbúðum er skilað á eftrfarandi hátt.

GÓLF: Gólf tilbúin til flotunar.

LOFT: Fulleinangruð.

ÚTVEGGIR: Tilbúinir fyrir sandsparsl.

HITALÖGN: Gólfhitalögn er í öllum húsinu og bílskúr þar sem hann er.

Verð 75 m<sup>2</sup> hús samkvæmt lýsingu **27,5 millj.** Fullbúið með öllu **42,5 millj.**

Verð 125 m<sup>2</sup> hús samkvæmt lýsingu **41,0 millj.** Fullbúið með öllu **61,0 millj.**

**ATH. HÆGT ER AÐ FÁ AÐ SKOÐA FULLBÚIÐ HÚS**



**Nesbyggð**  
við byggingum fyrir þig

# Páskabingó

Mánudaginn 25. mars síðastliðinn var árlegt páskabingó í Klifi sem vanalega er í höndum Ungmennaráðs Snæfellsbæjar. Í ár var þó örflítill breyting á þar sem Ungmennaráð Snæfellsbæjar og Ungmennafélagið Víkingur Reynis sameinuðu krafta sína og tóku höndum saman með að halda bingóið. Fjöldinn allur af vinningum var í boði, bæði páskaegg sem og varningur og gjafabréf frá ýmsum fyrirtækjum. Heppnir einstaklingar sem fengu vinning yfirgáfu samkomuna hlaðin góðgæti með bros á vör. Fólk á öllum aldri mætti til að spila bingó í góðri stemningu og mátti heyrja í vongóðum börnum í salnum óska þess að fá að fara með páskaegginn og aðra vinninga



heim. UMF Víkingur Reynir var með sjoppu á staðnum þar sem meðal annars var hægt að fá sér pylsur en ungmennafélagið fjárfesti nýlega í pylsupotti

svo hægt sé að selja pylsur á heimaleikjum og viðburðum sem þessum. Vilja Ungmennaráð Snæfellsbæjar og UMF Víkingur Reynir þakka öllum fyrir að koma

og njóta góðrar stundar saman og öllum þeim styrktaraðilum sem komu að páskabingóinu.

SJ



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Skáld Rósa í Ólafsvík

Gísli Gíslason og Vatnsenda Rósa fluttu til Ólafsvíkur 1840 og létu gifta sig hér í nóvember. Rósa er skráð bústýra en Gísli þurrabúðarmaður í Markúsarbúð. Það var heimili þeirra lengst af í Ólafsvík. Rímnaskáldið Sigurður Breiðfjörð var við athöfnina.

Rósa var ljósmóðir í Ólafsvík og voru þau Gísli hér til 1848. Vinskapur var með þeim hjónum og Sigurði. Rósa var 19 árum eldri en Gísli. 1848 flytja hjónin

til Hafnarfjarðar. Rósa eignaðist fimm börn sem komust upp. Rósa var skáld ástarinnar.

Augun mín og augun þín,  
ó, þá fögru steina.  
Mitt er þitt og þitt er mitt.  
Þú veist hvað ég meina.

(HA. 7.3. 2024. Skáld-Rósa heildarsafn kveðskapar. Selfoss 2022)  
Ragnar Ingi Adalsteinsson Elisabet Jökulsdóttir Bókaiútgáfan Sæmundur



- Bilaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Loppumarkaður í útgerðinni



Verslunin og vinstofan Útgerðin hefur nú komið upp loppumarkaði í húsnæði sínu á Hellissandi. Loppumarkaðir verða sífellt vinsælli á Íslandi en hugtakið kemur úr danskrimmenningu þar sem slíkir markaðir eru mjög vinsælir. Á loppmörkuðum geta einstaklingar sett upp bása með notuðum fötum og munum sem geta átt framhaldslíf í höndum annarra.

Útgerðin hefur frá fyrsta degi vandað valið á vörum og ein-göngu tekið inn vörur sem þau

hafa trú á að endist og séu gerðar af heilindum. Það skiptir þau miklu máli á hlutir séu vandaðir og endist vel og lengi. Hafa þau þannig haft umhverfis sjónarmið að leiðarljósi í rekstrinum og endurspeglar þessi nýjung þau gildi. Til að byrja með hafa þau opnað sjö bása sem seljendur geta leigt til þess að finna vörum nýtt heimili. Hægt er að hafa samband við þau á samfélagsmiðlum til þess að bóka bás.

JJ

# 70 ára afmælisveisla



## Við hjónin ætlum að fagna 70 árunum og halda afmælisveislu saman í félagsheimilinu Klifi laugardaginn 6. apríl 2024

Allir vinir og vandamenn velkomnir og vonumst við til þess að sjá sem flesta. Það verður opið hús frá kl. 17 til 22 svo þú getur rennt við þegar þér hentar eða hangið allann tímann.

Gjafir eru óþarfi en það verður baukur fyrir gott málefni á staðnum.

Léttar veitingar og drykkir verða í boði, hlökkum til að sjá ykkur

## Páskamót Taflfélags Snæfellsbæjar



Taflfélag Snæfellsbæjar hélt páskamót á Föstudaginn Langa, þann 29. mars. Allir sem tóku þátt fengu páskaegg en 17 iðkendur mættu til leiks. Veitt voru verðlaun fyrir 1. til 3. sætið í flokki karla og sömuleiðis í flokki drengja 16 ára og yngri. Þá fékk efsta konan einnig verðlaun og efsta stúlkna 16 ára og yngri. Sigurður Scheving fór með sigúr úr bítum í flokki karla, Rafn

Guðlaugsson lenti í öðru sæti og Gylfi Scheving í því þriðja. í flokki 16 ára og yngri var Víglundur Orri Heimisson í 1. sæti, Sævar Hjalti Þorsteinsson í 2. sæti og Sindri Snær Hinriksson í 3. sæti. Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir var efst kvenna og Elma Lís Scheving var efst í flokki stúlkna. Um var að ræða bráðskemmtilegt páskamót en þátttakendur í efstu sætunum fengu páskaegg frá Nóa

Síríus í verðlaun. Eins og áður kom fram fór enginn tómhentur heim af þessu páskamóti því allir

keppendur sem ekki enduðu í verðlaunasæti fengu minni páskaegg í þátttökuverðlaun.

SJ



Bifreiðaverkstæði / Egis.  
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn

# Poppmessa í Ólafsvíkirkirkju

Miðvikudaginn 20. mars var poppmessa í Ólafsvíkirkirkju, um var að ræða guðþjónustu á léttu nótonum. Hljómsveitin Parma ásamt Kirkjukór Ólafsvíkur fluttu skemmtilega tónlist, lög á borð við Traustur vinur og Ég er kominn heim ásamt fleiru. Hljómsveitin Parma er skipuð af þeim Rúnari Reynissyni, Magnúsi Höskuldssyni og Páli Mortensen.

Áttu kirkjugestir þar notalega kvöldstund í kirkjunni en poppmessan var í höndum Séra Ægis Arnar Sveinssonar auk þess sem fermingarbörn lásu fyrir söfnuðinn.

SJ



## Gjöf frá Menntamálastofnun



Nemendur í fyrsta og öðrum bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar auk barna í árgöngum 2018, 2019, 2020 og 2021 á leikskólum Snæfellsbæjar fengu gjöf frá Menntamálastofnun á döggunum. Gjöfin var bók sem heitir Orð er ævintýri. Um er að ræða myndaorðabók sem býður upp á tækifæri til að spjalla um orð daglegs lífs og efla orðaforða barna. Bókin inniheldur yfir

1000 íslensk og algeng orð og leika myndirnar stórt hlutverk. Menntamálastofnun gefur bókina út og var hún unnin í samvinnu Miðju máls og læsis hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur, námsbrautar í talmeinafræði við Háskóla Íslands, leikskólanna Laugasólar og Blásala, Austurbæjarskóla og Menntamálastofnunar.

## Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrir.

## Árshátíð Lýsudeildar



Föstudaginn 15. mars hélt Lýsudeild Grunnskóla Snæfellsbæjar árshátíð sína í veislusal skólans. Stigu allir nemendur skólans á stökk, allt frá nemendum í leikskólaselinu Lýsukoti og upp í 10. bekk. Nemendur í Lýsukoti sýndu Hans og Grétu, nemendur í 1. til 3. bekk settu á svið Greppi-kló og nemendur í 4. og 5. bekk fluttu leikritið Skjáhragnar sem þau sömdu sjálf ásamt kennara sínum með söguna um Hans og Grétu sem fyrirmynd. Þá sýndu nemendur í 7. til 10. bekk stytta

útgáfu af Benedikt búaflí. Tókst árshátíðin frábæra á alla staði, nemendur fluttu hlutverk sín vel með leikrænum tilburðum og skýrum hætti eftir miklar æfingar og var lagt metnað í búninga og sviðsmynd. Að árshátíðinni lokinni fékk skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar, Hilmar Már Arason, orðið og þakkaði nemendum og starfsfólki fyrir frábæra árshátíð og hrósaði öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd.

SJ

## Nikótín púðar og tyggjó ekki velkomin

Af gefnu tilefni hefur íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar sent frá sér tilkynningu um umgengni á íþróttasvæðinu í Ólafsvík. Borið hefur á því að tyggjó og nikótín púðar hafa fundist á svæðinu sem þykir heldur óþrifalegt. Sérstaklega tekur íþrótt- og æskulýðsfulltrúi fram að að nikótín púðar

og tyggjó eiga ekki heima í sundlauginni sjálfri. Slíkt hefur fundist í síum pottanna og sundlaugarinnar en það er óþæglegt fyrir gesti, sérstaklega þar sem börn nýta sér þessa þjónustu í miklu magni. Biðla þau til þeirra sem eiga í hlut að taka þetta til sín.

JJ



# Sumarstörf hjá Snæfellsbæ

Fjölbreytt og uppbyggileg störf við Áhaldahús Snæfellsbæjar og flokkstjórn vinnuskólahópa.

Snæfellsbær býður einstaklingum 18 ára og eldri upp á fjölbreytta og skemmtilega útivinnu í sumar sem hefur það að leiðarljósi að fegra umhverfi Snæfellsbæjar.

- 100% störf í þrjú mánuði, frá 15. maí 2024.
- Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.
- Umsækjendur þurfa að vera færir um að stýra vinnuskólahópi og hafa áhuga á að vinna með og fræða ungmenni.
- Umsækjendur þurfa að vera duglegir, áhugasamir um útivinnu, tóbakslausir, sjálfstæðir og góðar fyrirmyndir.
- Þekking á staðháttum í sveitarfélaginu er æskileg.

**Umsóknarfrestur er til 29. apríl 2024.** Ekki er tekið við umsóknum að umsóknarfresti liðnum. Umsóknir berist í gegnum ráðningarvef Snæfellsbæjar á [snb.is](http://snb.is).



Salernispappír 500 blaða.



Risa-WC salernispappír.



Miðapurrkur (Z- & V- brot) og rúllur.



Sorppokar úr endurunnu plasti.



Skrjáfpokar í ýmsum stærðum.  
BIO maispokar fyrir lifrænan úrgang.



Taupvottaduft Voot 15kg.



Einnota nitril hanskar sem henta vel við framleiðslu í eldhúsi eða við þrif.



Einnota vinyl-stretch-hanskar á góðu verði úr blöndu af nitril og vinyl. Henta vel í t.d eldhús og þrif.



Hotline 8 húð og hársápa með mildum kókósilum.



Ræstivagn CombiX  
Léttur ræstivagn með 2 x 25 L fötum.



Gólfhápa ECO Selden  
Umhverfisvæn,  
lágfeyðandi hápa.



Ecodos umhverfisvottuð hreinsiefni í skömmtunarbrúsum.